



Fundargerð Umhverfisnefndarfundar 9. júní 2017

Mættar: Sibba TH, Sigga SH og Pórhalla BG

Fundarritari: Sibba

- Rætt um heimsókn Caitlin Wilson frá Landvernd.** Nefndarmenn ræddu heimsókn Caitlin sem kom til að meta umhverfisstarf leikskólans og áttahagaverkefnið sem var áhersluverkefni síðustu 2 ára. Hún ræddi við 3 fulltrúa umhverfisnefndar skólans og 4 nemendur sem sátu í umhverfisnefnd þetta skólaár. Hún gekk svo um skólann og skoðaði náttúru og umhverfisverkefni sem deildir hafa gert í vetur. Nefndarmönnum þótti gott að heyra hvað hún var ánægð með starfið í leikskólanum og sagði okkur „vera að gera margt mjög gott“ í umhverfismálum. Hún var afar ánægð með að leikskólinn væri komin með sérstaka námsskrá um náttúru- og umhverfisstarf skólans og var sammála nefndarmönnum að það þýddi enn markvissara umhverfisstarf í leikskólanum. Caitlin sagðist ekki vita um neinn leikskóla sem hefði sérstaka námsskrá um umhverfismennt skólans. Hún kemur síðan aftur í leikskólann 12. júní á Grænfánahátíðina til að afhenda nýjan Grænfána (spjald) til næstu 2 ára.
- Dagskrá Grænfánahátíðar.** Sett var niður dagskrá fyrir Grænfánahátíð sem verður 12. júní. Dagskráin verður send á alla deildarstjóra og sett í kaffistofu. Mikilvægt að allir hjálpist að.
- Umræður um umhverfismál og umhverfisnefnd.** Rætt var um að nefndin hefði verið ansi fáliðuð oft og hefði átt erfitt uppdráttar, sérstaklega í vetur. Erfitt að hafa ekki fulltrúa stjórnenda í nefndinni og betri tengingu þar á milli og mikilvægt að skipa fulltrúa frá deildum í stað þeirra sem detta út til lengri tíma svo allir gangi í takt. Einnig var rætt um að mikilvægt væri að fá námskeið/fyrirlestur um náttúru og umhverfismennt fyrir allt starfsfólk því margir í leikskólanum hafa ekki fengið fræðslu um þessi mál. Nefnt var að fá Braga Guðmundsson frá HA til að vera með fræðslu fyrir kennara að hausti. Náttúru- og umhverfismál eru annar af aðaláhersluþáttum í kennslu leikskólans og mjög mikilvægur þar sem Landvernd gerir úttekt annað hvert ár verkefnum og kennslu skólans í náttúru- og umhverfismennt og skrifa þarf skýrslu og senda Landvernd til að fá endurnýjaðan fána á tveggja ára fresti. En nefndarmenn voru sammála um að allir reyna að gera sitt besta. Aðalverkefni næstu 2 ára verður Lýðheilsa.